



REGLUR UM NÖFN ÍPRÓTTAFÉLAGA INNAN VÉBANDA ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS

Íþróttafélög innan ÍSí skulu bera íslensk nöfn sem veita trúverðuga og auðskiljanlega umgjörð fyrir félagið og starf þess og sem helst hafa tilvísun til íþróttastarfsemi. Nöfnin skulu falla að íslenskum málvenjum.

Nafn íþróttafélags innan ÍSí:

- Skal vera á íslensku og fylgja íslenskum málvenjum.
- Skal ekki innihalda skammstöfun. Skammstöfun nafns getur hins vegar komið fram í lögum þess sem tilvísun í nafn þess og sem stytting á nafni þess í daglegri umsýslu.
- Skal ekki hafa tilvísun í önnur félagasamtök, fyrirtæki eða vörumerki.
- Skal ekki vera það sama og annað íþróttafélag innan ÍSí ber eða vera það líkt nafni annars félags innan ÍSí, að það valdi ruglingi.
- Skal ekki bera tilvísun í íþróttagrein sem er utan ÍSí.
- Skal ekki hafa tilvísun í ákveðið heimilisfang eða sérnafn á fasteign. Íþróttafélög eru frjáls félagasamtök sem geta flutt starfsemi sína og því er varasamt að hafa hverfistilvísun í nafni þess. Þá getur aðsetur félags verið dreift innan þéttbýliskjarna og keppnisaðstaða verið fljótandi.
- Skal ekki fela í sér tilvísun til atriða sem ganga gegn tilgangi og markmiðum ÍSí og íþróttahreyfingarinnar, svo sem stríðs, misréttis eða ofbeldis.
- Skal ekki hafa neikvæða merkingu, vera móðgandi eða gefa til kynna starfsemi sem ekki fellur að tilgangi íþróttahreyfingarinnar.
- Skal ekki hafa tilvísun í ákveðið kyn. Íþróttafélög eru öllum opin og mega ekki hafa aðrar takmarkanir á félagsaðild en þær sem ytri aðstæður, t.d. þjálfunaraðstæður, leyfa.
- Skal ekki innihalda orðið Ísland þar sem það vísar til yfirsamtaka en ekki félags.

Félögum innan ÍSí er heimilt að breyta nöfnum sínum eins og öðrum frjálsum félögum en tilkynna þarf nafnabreytinguna til ÍSí og senda inn uppfærð lög þar að lútandi til staðfestingar.





Reglurnar gilda um ný félög sem sækja um aðild að íþróttahreyfingunni og nafnabreytingar eldri félaga, frá þeirri dagsetningu.

Samþykkt af framkvæmdastjórn ÍSí 17. september 2025.

Leiðrétt útgáfa staðfest af framkvæmdastjórn ÍSí 20. maí 2026.

